SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG

SAMEYKI

Stytting vinnuvikunnar

Hver er staðan?

Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu

19. janúar 2021

SAMEYKI

Hvað fáum við að heyra? Plúsar

- 36 tíma vinnuvikan er kominn í framkvæmd víða.
- Bjartsýni ríkjandi hjá þeim sem hafa unnið ferlið vel (betrivinnutimi.is).
- Jákvæð skilaboð sem eru að berast félaginu.

SAMEYKI

Hvað fáum við að heyra? Mínusar

- Fregnir af miðlægum ákvörðunum sveitarfélaga. Rétt helmingur er að fara í 4 klst. styttingu og of margir að fara í minna.
- Þvælingur með kaffitíma og matartíma. Sumar stofnanir hafa verið fastar í að starfsmenn hafi fyrir löngu selt kaffi- og matartíma.
- Ekki er búið að vinna umbótavinnuna á einhverjum stöðum þrátt fyrir að búið sé að ákveða styttinguna.
- „Skreppið“ þvælist fyrir ýmsum og sumstaðar ríkir mikill misskilningur um hvað á að vera innan vinnutíma og hvað utan.

SAMEYKI

- Ekkert skriflegt eða formlegt samkomulag er á milli Sameykis og atvinnurekenda um útfærslu á einstökum stofnunum.
- Sameiginleg áhersla að í umbótastarfi innan stofnana þurfi að fjalla um „skrepp“ á forsendum *Betri vinnutíma*.
- Umbótaverkefnin eiga að leiða til endurhönnunar á verkefnum vinnustaðarins sem styður við styttinguna og að samfélagslegar áherslur verði hafðar að leiðarljósi við að búa til betra vinnuumhverfi.

Launað skrepp á vinnutíma	Ólaunað skrepp sem verður utan vinnutíma
Fjarvera tengd heilsufari starfsmanna	Fjarvera sem er valkvæð og ekki nauðsynleg á vinnutíma
Læknir, tannlæknir, sjúkraþjálfun	Klipping, litun, plokk og andlitsbað (öll snyrting)
Fjarvera tengd heilsu barna starfsmanna	Nudd
Læknir og tannlæknir	Verslun
Fjarvera tengd heilsufari nákominna ættingja	Bílastúss
Læknaviðtöl	Heilsurækt
Fjarvera í neyðartilfellum	Út að borða
Slys, sóttkví og einangrun	Stúss vegna framkvæmda
Andlát og jarðarfarir nánustu aðstandenda	Bankamál
Fjarvera tengd skólagöngu grunnskólabarna	Skólasýningar / skólahátíðir
Skólasetning / skólalok og foreldraviðtöl	

SAMEYKI

Kjarasamningar – kjarninn í ákvæðum. Upprifjun.

- Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram **gagnkvæmum ávinningi** starfsfólks og stofnana með betri vinnutíma.
- Markmið breytinganna er að bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma, auka skilvirkni, bæta gæði þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að **bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu-og atvinnulífs.**
- Sérstakur innleiðingarhópar samingsaðila hefur útbúið leiðbeiningar og stuðningsefni til **nota fyrir starfsfólk og stofnanir.**
- Þegar niðurstaða um skipulag vinnutíma liggur fyrir skal vinnutímasamkomulag annars vegar **borið undir atkvæði þeirra sem starfa hjá viðkomandi stofnun** og hins vegar skal fá staðfestingu hlutaðeigandi viðsemjanda.

SAMEYKI

Hverjir eru að gera hvað?

- Reykjavíkurborg. Búin að skila inn gögnum.

- „Verið getur að þörf sé á frekara samtali eða frekari skoðun og munu svið borgarinnar fylgja eftir og árétta að atriði séu rétt framkvæmd skv. ákvæðum kjarasamninga og stefnum og reglum Reykjavíkurborgar“.

- Listi Reykjavíkurborgar.

SAMEYKI

Hverjir eru að gera hvað?

- Ríkið. Margar stofnanir búnar. Fast í ráðuneytum.
- 144 stofnanir eru búnar að skila inn eyðublaði um breytingar á vinnutíma en eingöngu 84 búnar að fá staðfestingu frá sínu fagráðuneyti.
- KMR hefur verið í sambandi við ráðuneytin og mun halda áfram að ýta á þau.
- Menntamálaráðuneytið vill t.d. safna upp staðfestingum og senda í einum bunka.

- Listi ríkisins

SAMEYKI

Yfirlit tilkynninga frá stofnunum ríkisins

- Komin eyðublöð/tilkynningar frá 84 stofnunum ríkisins í gegnum 8 ráðuneyti.
  - góð skil frá dómsmála-, heilbrigðis-, umhverfis- og samgöngu…
  - Byrjað að koma frá menntamála
  - Ekkert frá fjármála- né utanríkis
- Amk. 144 stofnanir búnar að senda til ráðuneyta
  - vantar að fá staðfest frá 60 og sent til okkar
- Alls eru stofnanirnar um 175
  - vantar um 30 inn til ráðuneytanna

	Fjöldi
Fjöldi stofnana	**84**
Fjöldi starfsmanna alls	4.800
Fjöldi kvenna	3.200
Fjöldi karla	1.600
Fjöldi í Sameyki	1.023
Fjöldi í öðrum BSRB fél.	668
Fjöldi ekki í BSRB	3.109

SAMEYKI

Hve mikil stytting hjá stofnunum ríkisins



SAMEYKI

Hverjir eru að gera hvað?

- Sveitarfélögin. Ekki neinar húrraféttir þaðan.
- Þau eru ekki komin með heildaryfirlit en nýjustu upplýsingar vekja vonir
- Enn eiga ansi mörg sveitarfélög eftir að skila upplýsingum.
- Það sem kemur inn er sent í mörgum bútum og flókið að fá einhverja heildarmynd.
- Sambandið sagðist ekki eiga neitt heildaryfirlit yfir fjölda vinnustaða og því erfitt og flókið að skoða hver útfærslan er í raun á vinnustöðum.
- Ekki uppörvandi að sjá sveitarfélög sem eru að fara í 13/65 mín. útfærslu á öllum sínum vinnustöðum.

SAMEYKI

Yfirlit um styttingu hjá sveitarfélögunum



SAMEYKI

Landspítalinn – stór og flókinn vinnustaður

- Stytting vinnuvikunnar í dagvinnu hefur gengið vel.
- Staðan er sú að 157 deildir/einingar hafa stytt vinnuvikuna frá og með 1. janúar 2021.
- Flestar þeirra eða 153 fara í fulla styttingu en 4 deildir hafa sótt um 65 mínútna styttingu á viku.
- 36 dagvinnu deildir/einingar eru eftir að skila niðurstöðu og munu væntanlega koma inn í fulla styttingu frá og með 1. febrúar 2021.
- Ýmsar ástæður eru fyrir töfum hjá þessum deildum. Stórar einingar sumarhverjar þurfa sértæka aðstoð (túlkaaðstoð) til að tryggja að allir séu meðvitaðir um þessar breytingar og hvað felst í þeim.

SAMEYKI

Hver er þá staðan í dagvinnu?

- Mikill meirihluti hjá Ríki og Reykjavíkurborg virðist vera á réttu róli og er að stytta niður í 36 stunda vinnuviku.
- Svo virðist sem að ekki sé búið að útfæra umbótaverkefnin á einhverjum stöðum og er sú vinna þá framundan.
- Sveitarfélögin virðast ekki vera á nægjanlega góðum stað því þær fréttir sem við heyrum segja frá að rétt rúmlega helmingur sveitarfélaga er að fara í 36 tíma vinnuviku.
- Getur mögulega kallað á töluverða vinnu hjá innleiðingarhópnum.

SAMEYKI

En hvað með vaktavinnuna?

- Innleiðingarhópur samningsaðila er búinn að vera á fullri ferð
- Breytingin verður einsleit – Allir fara í 36 tíma m.v. fullt starf
- Möguleiki að fara í 32 tíma þjá þeim sem vinna erfiðar vaktir
- Vaktahvati, virði vinnustunda, breytt álag, skipulag vakta
- Námskeið hjá Sameyki þar sem farið er yfir breytingarnar
- Trúnaðarmenn sem vinna í vaktakerfum fá boð um þátttöku
- Betrivinnutimi.is – góður upplýsingavefur

SAMEYKI

Takk fyrir